

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 140/1376*  
*komudagur 5.3.2012*

IMMI, International Modern Media Institute  
Laugavegur 3, 101 Reykjavík, Iceland  
info@immi.is / <http://www.immi.is>



Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

5. mars 2012

IMMI, alþjóðleg stofnun um tjáningar- og upplýsingafrelsi, veitir hér umsögn um frumvarp til laga um breyting á lögum nr. 54/1962, um þjóðskrá og almannaskráningu, með síðari breytingum (gjaldtökuheimild) (363. mál 140. löggjafarþings).

IMMI leggst gegn frumvarpinu, þar sem um óeðlilega gjaldtöku er að ræða. Gögn þjóðskrár eru tölvutæk og því engar framkvæmdarlegar hömlur á aðgengi að þeim. Gjaldtaka sbr. 1. málslíð 1. mgr. 3. gr. skapar því gerviskort á aðgengi að þessum upplýsingum. Slíkur gerviskortur smitar út frá sér með því að flækja og hefta aðgengi að upplýsingum sem geta verið nauðsynlegar rekstri og velur því skaða þvert í gegnum hagkerfið.

Einnig telur IMMI óeðlilegt að hækkað sé verð á vottorðum, þar sem slík vottorð eru nauðsynleg einstaklingum í ýmsum tilfellum og engin leið hjá því að kaupa þau. Eðlilegt er að nauðsynleg þjónusta sé eins ódýr og mögulegt er, en sé ekki notuð sem fjáröflunarleið fyrir ríkisstofnanir.

Þjóðskrá sinnir gríðarlega mikilvægu hlutverki á Íslandi. Auðkenning einstaklinga er eitt flóknasta vandamál samtímans, og Ísland býr mjög vel að hafa samræmt skráningarkerfi. Grundvöllur þess að þetta samræmda skráningarkerfi gagnist áfram er að það séu ekki settar ónauðsynlegar hömlur á aðgengi að upplýsingum. Sú aukalega fjármögnun sem talin er nauðsynleg til endurnýjunar á tölvukerfum getur með góðu móti komið úr hefðbundnum fjárlögum.

Fyrir hönd IMMI,

Smári McCarthy